

FORSETAÚRSKURÐUR

40

8. júlí

um fána forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, úrskurðað þannig:

Fáni forseta Íslands er hinn íslenski tjúgufáni, en í honum, þar sem armar krossmarksins mætast, skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum, ferhyrndum reit.

Gjört á Þingvöllum, 8. dag júlímánaðar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

FORSETABRÉF

41

8. júlí

um heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef fallizt á þá tillögu forsætisráðherra að láta gera sérstakt merki úr gulli til minningar um endurreisn lýðveldis á Íslandi 17. júní 1944.

Á framhlið merkisins er skjaldarmerki Íslands og skjaldberar með áletrun umhverfis: Lýðveldi endurreist á Íslandi 17. júní 1944. Á bakhlið: Lýðveldisbátíðarmerkið, en án áletrunar.

Heiðursmerki þetta má ekki veita nema aðeins í eitt skipti og á þessu ári alþingismönnum, sérstökum sendimönnum erlendra ríkja og öðrum, er að dómi ríkisstjórnarinnar eru sérstaklega verðir þess að hljóta heiðursmerkið vegna endurreisnar lýðveldisins.

Merkið er eign þess, er því er sæmdur, og ber ekki að skila því aftur.

Ritað á Þingvöllum, 8. dag júlímánaðar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.